

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata varðandi ungbarnaeildir sjálfstætt rekinna leikskóla í Reykjavík:

Skóla- og frístundaráð samþykkir með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. desember 2018, að sjálfstætt reknir leikskólar í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og sem eftir því óska verði heimilt að setja á fót ungbarnaeild fyrir börn frá 12 mánaða aldri. Það er forsenda að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi aukist að lágmarki sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnaeildina. Tryggt verði að þrátt fyrir opnun ungbarnaeildar verði fylgt kennitöluröð við innritun með þeim hætti að elstu börn verði innrituð fyrst. Greiðslur vegna barna yngri en 18 mánaða verði með sama hætti og samkvæmt samningi skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla þ.e. vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu viðeigandi skilyrði vegna starfseminnar, svo sem gilt rekstrarleyfi og að hver og ein umsókn um opnun ungbarnaeildar og aukin framlög þarf að fara fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð til samþykktar.